

**Nefndasvið Alþingis**  
**Allsherjarnefnd**  
**b/t. Elínar V. Þorsteinsdóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 23. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, (674. mál), og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, (675. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og breytingar á öðrum lögum vegna þess.*

Viðskiptaráð fagnar áformum sem eiga leiða af sér frekari samhæfingu starfa á milli ráðuneyta og auka samstarf. Samhæfing og samstarf milli ráðuneyta er nauðsynleg til að stjórnvöld geti þjónað hagsmunum almennings sem best. Ósamhæfðar aðgerðir og stefnur milli ráðuneyta í einstaka málaflokkum geta valdið sundrung og deilum sem geta haft neikvæðar afleiðingar í för með sér.

Í ofangreindu frumvarpi er kveðið á um að ráðuneyti skuli aldrei vera fleiri en tíu hverju sinni, hefði mátt ganga lengra í þessum efnum að mati ráðsins eða í það minnsta hafa leiðbeinandi tilmæli í greinargerð í þá átt að fækka ráðuneytum. Ráðið fagnar þó því að takmörkun sé sett fram um hámark ráðuneyta.

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands